

Ed.

451. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn mælir með samþykkt þess, eins og það kemur frá neðri deild, en þar var gerð á því nokkur breyting. 1. minni hl. (Ólafur Jóhannesson) leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Hins vegar leggur 2. minni hl. til, að frv. verði fellt.

Ríkisstjórnin leggur þetta frumvarp fyrir Alþingi til staðfestingar á bráðabirgða-

lögum frá 2. maí 1962, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, en með þeim var vegið að nýrri gjaldskrá, sem íslenzkir verkfræðingar höfðu sett sér, og hún með valdboði gerð ógild. Í staðinn bauð ríkisstjórnin, að verkfræðingarnir skyldu áfram búa við nauman skammt og úrelta gjaldskrá.

Ástæður til þess, að 2. minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt, eru þrenns konar, og skal nú gerð nánari grein fyrir þeim hér.

1. Ríkisvaldinu ber að forðast beina íhlutun um kjaramál stéttanna í landinu. Afskipti þess af launamálum eru andstæð lýðræðislegum reglum, og þau eru því hættulegri þjóðfélaginu sem þau eru harkalegri. Þeir, sem selja vinnu sína, eiga að hafa rétt til að verðleggja hana og að semja um verðið við þá, sem kaupa. Hlutverk ríkisvaldsins í þeim málum á að vera sáttasemjarans og helzt ekki annað.

Með bráðabirgðalögum 2. maí 1962 vegur ríkisstjórnin að einni stétt manna af litlu tilefni, að því er virðist. Með einu pennastriki ógildir hún gjaldskrá, sem þessir menn hafa sett sér og gengin er í gildi nokkrum dögum áður. Það er ekki svo mikið, að stjórnin gefi sér tíma til að hlusta á þær útskýringar, sem verkfræðingarnir bjóðast til að veita.

Svipaðri aðför ríkisvaldsins hefur hver stéttin af annarri orðið fyrir seinustu árin. Má sem dæmi nefna þau þvingunarlög, sem lækna- og Reykjavík voru beittir að nauðsynjalausu fyrir rúmu ári. Slíkar aðfarir af hálfu ríkisstjórnar leiða aldrei til neins góðs og sízt er til lengdar lætur.

Í lýðfrjálsu landi er það ein af frumskyldum ríkisstjórnar að gæta ýtrustu varfærni, þegar um er að ræða kjarabaráttu vinnandi stéttanna. Þessarar skyldu hefur núverandi ríkisstjórn ekki gætt vel. Það sannar setning bráðabirgðalaganna, sem hér um ræðir, og hið sama sýnir sá fjöldi bráðabirgðalaga, sem stjórnin hafði áður út gefið svipaðs efnis.

2. Bráðabirgðalög er heimilt að gefa út milli þinga, þegar brýna nauðsyn ber til. Brýn nauðsyn er að sjálfsögðu teygjanlegt hugtak, en hitt er óumdeilanlega forkastanlegt, að réttlæta þá nauðsyn á röngum forsendum. Þetta hefur þó gerzt hvað snertir lög frá 2. maí 1962 að dómi Verkfræðingafélagsins.

Tveim dögum eftir setningu bráðabirgðalaganna samþykkti Verkfræðingafélag Íslands rökstudd mótmæli gegn þeim, og er sú fundarályktun ásamt greinargerð prentuð hér sem fylgiskjal. Þar er fullyrt, að forsendur laganna séu rangar og gefi þannig allt annað en sanna mynd af nauðsyninni. Í forsendunum er blandað saman hreinum vinnulaunum og þóknun, sem auk launa felur í sér ýmsa kostnaðarliði, svo sem húsnæði og tæki. Með þessu móti er launahækkunin í gjaldskránni gerð enn hrikalegri en efni standa til og þar með „nauðsynin“ enn brýnni.

Hér virðist í forsendum teflt á tæpastu vaðið um sannleiksgildi og að því leyti líkt að farið og í fyrrgreindum þvingunarlögum, sem lækna- og Reykjavík voru beittir, en í þeim voru tvær meginforsendurnar alrangar. Er augljóst, að bráðabirgðalög, sem byggð eru á slíkum sandi, eiga ekki á sér mikinn rétt.

3. Íslenzkir verkfræðingar hafa orðið að heyja þrotlausu kjarabaráttu nærri jafnlengi og núverandi ríkisstjórn hefur setið að völdum. Bráðabirgðalögin voru ekki annað en vel útilátið hnefahögg í þeim átökum. Á hátíðlegum stundum flytja ráðherrar ræður fullar skilnings og viðurkenningar á miklu og vandasömu hlutverki verkfræðinga í hinu íslenska nútímaþjóðfélagi. En alla virka daga berjast þeir gegn þessum sömu verkfræðingum með hnúum og hnefum. Aðstaða verkfræðinga til starfa hér á landi fer versnandi með ári hverju, enda leita þeir æ meir til annarra landa um atvinnu.

Vissulega eiga verkfræðingar hér miklu og vaxandi hlutverki að gegna. Þeirra er brýn þörf á öllum sviðum athafnalífsins. Það er þjóðinni nauðsyn í efnahagslegu tilliti, að fjöldi íslenzkra verkfræðinga aukist, að þeir fái notið sem beztrar menntunar og að þeim verði síðan búin sem bezt starfsskilyrði í landinu. Eina ráðið til þess, að allt þetta megi verða, er að gera vel til þeirra, launa þá vel.

Þetta virðast valdhafarnir lítt skilja, að minnsta kosti láta þeir enn vaða á súðum í þessu efni. Kjörum íslenzkra verkfræðinga halda þeir niðri með lögum, á sama tíma og þeir ráða hingað erlenda verkfræðinga fyrir tvöfalt til þrefalt hærri laun en þeir íslenzku fara fram á.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til kjaramála verkfræðinga veldur þjóðinni fjárhagslegu tjóni í bráð og lengd. Einnig þess vegna ber að synja um staðfestingu bráðabirgðalaganna og fella það frumvarp, sem hér liggur fyrir.

Alþingi, 23. marz 1963.

Alfreð Gíslason læknir.

Fylgiskjal.

Fundarályktun og greinargerð VFÍ vegna bráðabirgðalaga frá 2. maí 1962.

Fundur í Verkfræðingafélagi Íslands, haldinn í 1. kennslustofu háskólans föstudaginn 4. maí 1962, mótmælir harðlega bráðabirgðalögum frá 2. maí þ. á. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf og krefst þess, að þau verði numin úr gildi.

Fundurinn mótmælir forsendum laganna sem röngum og vítir rangfærslur þær, sem þar eru hafðar í frammi.

Fundurinn telur setningu þessara laga furðulega móðgun við íslenzka verkfræðinga og vanmat á hæfni þeirra, þar sem vítað er, að íslenzka ríkið kaupir erlenda verkfræðipjónustu fyrir þrefalt það verð, sem hin nýja gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands gerir ráð fyrir.

Fundurinn varar alvarlega við þeirri braut, sem hér er haldið inn á. Kunnátta íslenzkra verkfræðinga er gjaldgeng hvar sem er, og óhugsandi er því með öllu, að til langframa verði unnt að halda verðlagi á íslenzkri verkfræðipjónustu langt neðan við það, sem tíðkast annars staðar.

Bendir fundurinn á, að það skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi verkfræðipjónustu, sem bráðabirgðalög þessi bera vitni um, muni smám saman leiða af sér afturkipp eða stöðnun í tæknipróun hér á landi, þjóðinni til óbætans tjóns.

G r e i n a r g e r ð .

Í forsendum bráðabirgðalaganna koma fram svo margar skekkjur, að furðu sætir.

Telur félagið vitavert, að ráðherra skuli í lagaforsendum þannig fara með rangfærslur, sem til þess eru fallnar að skaða verkfræðingastétt landsins.

Einstök atriði í forsendum bráðabirgðalaganna skulu nú rædd nánar.

Ruglað er saman „þóknun“ og launum.

Í lagaforsendum segir að „greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tímakaupi samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 með síðari verðlagsuppbótum skv. lögum“.

Við þessa setningu er margt að athuga:

1. Gjald það, þóknunin, sem nefnt er í 24. gr. gjaldskrár VFÍ frá 1955, er einungis að hluta laun, en að hinum hlutanum greiðsla á kostnaði við starfsemi hins ráðgefandi verkfræðings (húsnæði, ljós, hiti, ræsting, áhöld o. s. frv.).

Sama máli gegnir um ákvæðishluta gjaldskrárinnar, þar sem þóknunin er reiknuð sem hundraðshluti af áætluðu kostnaðarverði mannvirkis.

Í forsendum laganna er þannig ruglað saman tveimur óskyldum hlutum og látið líta svo út sem öll hækking gjaldskrárinnar sé hækking á launum verkfræðinga. Þetta er alrangt.

2. Gjaldskráin er ætluð fyrir ráðgefandi verkfræðinga einungis, en ekki verkfræðinga á mánaðarkaupi. Launamál þeirra heyra undir Stéttarfélag verkfræðinga og eru gjaldskránni algerlega óviðkomandi. Hin nýja gjaldskrá hefði því engin áhrif haft á launagreiðslur til verkfræðinga, sem ráðnir eru hjá ríkinu.

3. Tímagjaldskafli gjaldskrárinnar — bæði hinnar gömlu og hinnar nýju — er ætlaður til notkunar í þeim tilvikum einum, þar sem ákvæðiskafla hennar verður ekki við komið. Flest verk ráðgefandi verkfræðinga, bæði fyrir ríkið og aðra, hafa verið unnin eftir ákvæðiskaflanum. Fyrir tímabóknun hefur einungis verið unnið að ýmiss konar frumathugunum og rannsóknum.

Þá er í forsendum laganna fullyrt, að „slík hækkun á kaupum verkfræðinga mundi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum, bæði hjá ríki og öðrum aðilum, og auk þess óeðlilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir“. Hér er aftur ruglað saman launum og þóknun. Að sjálfsögðu mundu laun ráðgefandi verkfræðinga hækka nokkuð. En þegar þess er gætt, að ráðgefandi verkfræðingar eru aðeins litill hluti starfandi verkfræðinga í landinu, þá verður augljóst, að fjarstæða er að tala um stórkostlega röskun í launamálum hjá ríki eða öðrum aðilum af þessum sökum.

Erlendir verkfræðingar starfandi á Íslandi.

Varðandi „óeðlilegan“ kostnaðarauka við rannsóknarstörf og framkvæmdir vegna gjaldskrárbreytingarinnar er ekki úr vegi að benda á, að íslenska ríkið hefur sem stendur í þjónustu sinni erlenda verkfræðinga starfandi hér á landi að rannsóknarstörfum. Miðað við verðlag á verkfræðiþjónustu í heimalandi þeirra, mun ríkið þurfa að greiða fyrir þessa þjónustu tvöfalda til þrefalda þá upphæð, sem hún hefði kostað samkvæmt nýju gjaldskránni, ef íslenskir verkfræðingar hefðu annað hana.

Villandi skýrt frá hækkunum.

Í forsendum laganna er hækkun gjaldskrárinnar talin nema allt að 320%, sem er rangt.

Tala þessi er fundin með því að bera allra hæsta tímagjaldstaxta nýju gjaldskrárinnar að aukakostnaði viðbættum saman við almennan tímagjaldstaxta þeirrar gömlu, eins og hann var 1960. Þessi hæsti taxti er samkv. ákvæðum gjaldskrárinnar einungis ætlaður efnaverkfræðingum, sem reka eigin efnarannsóknarstofu. Hækkun gjaldskrárinnar almennt er því miklu minni en þetta, og er það því rangt að nefna þessa tölu í forsendum laganna.

Nýja gjaldskráin er byggð upp á nýjan hátt.

Gjaldskrárbreyting sú, sem hér um ræðir, er ekki einungis fólgin í breytingum á þóknun. Hin nýja gjaldskrá er öll byggð upp á annan hátt en sú gamla, að nýjustu fyrirmyndum frá nágrannalöndunum. Þessi formbreyting var tvímælalaust til stórbóta fyrir verkfræðinga, en ekki síður fyrir viðskiptavinum þeirra. Með þessari formbreytingu á gjaldskránni var stefnt að því að leiðrétta misfellur, sem finna mætti í þeirri eldri og voru til komnar vegna tæknipróunar síðari ára.

Í bráðabirgðalögunum er ekki einungis hróflað við sjálfri þóknuninni, heldur er og þetta nýja gjaldskrárform þar ógilt með valdboði.

Fullyrða má, að ráðuneytið hafi ekki getað gert raunhæfan samanburð á nýju gjaldskránni og hinni eldri á þeim tíma, sem það hafði þá nýju undir höndum. Ráðuneytinu var af hálfu félgsins að gefnu tilefni boðið upp á viðræður um hina nýju gjaldskrá, en ekkert svar barst við því boði.

Breytingar samkvæmt nýju gjaldskránni.

Vegna formbreytinganna á gjaldskránni er beinn heildarsamanburður á nýju og gömlu gjaldskránni ekki mögulegur. Í ýmsum algengum verkefnum, sem unnin

eru eftir ákvæðiskaflanum, hefði orðið um 25% hækkun að ræða. Í einstökum tilvikum hefði ekki orðið um neina hækkun að ræða, heldur lækkun.

Einn liður í formbreytingu þeirri á gjaldskránni, sem áður er minnzt á, er sá, að í stað eins tímagjaldstaxta áður voru settir misháir taxtar, er skyldu gera mun á þóknun eftir reynslu og sérþekkingu viðkomandi verkfræðings á viðfangsefni sínu. Breyting þessi kemur ekki hvað sízt viðskiptavinunum til góða.

Tímagjaldstaxtinn samkvæmt gömlu gjaldskránni var kr. 116.72 árið 1960, en hafði hækkað í 153 kr., þegar gjaldskrárbreytingin skyldi taka gildi. Ríkisstofnanir hafa raunar mótmælt hækkuninni frá 1960, en vefengt er, að þau mótmæli eigi stöð í lögum.

Samkvæmt nýju gjaldskránni yrði tímagjaldstaxtinn breytilegur frá 120 kr. á klst. í 350 kr. á klst. eftir sérþekkingu og hæfni. Hæsti taxtinn mundi aðeins gilda fyrir fáa menn með langa reynslu og sérþekkingu og einungis við einstaka verkefni.

Til samanburðar má geta þess, að hæsti tímagjaldstaxti sænskra verkfræðinga er 860 ísl. kr. á klst. og að hér hafa starfað amerískir verkfræðingar að rannsóknarstörfum, sem íslenskir eru fullfærir um, fyrir þóknun, er nemur allt að \$ 25 eða 1075 kr. á klst.

Áhrif bráðabirgðalaganna.

Að lokum viljum við benda á, að það skilningsleysi valdhafanna á gildi verkfræðiþjónustu, sem lengi hefur verið landlægt hér á landi og þessi bráðabirgðalög bera órækt vitni um, kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina, þegar til lengdar lætur. Hvarvetna er mikil eftirspurn eftir tæknimenntuðu vinnuafli og skortur á því. Lífskjör þjóða eru sífellt að verða meira og meira undir því komin, að þær fylgist með tækniþróuninni og hafi nægum tæknimenntuðum mönnum á að skipa til þess að dragast ekki aftur úr á því sviði. Slík afstaða til verkfræðinga, sem hér kemur fram, er ekki líkleg leið til að tryggja þann hraða í tækniþróun þjóðarinnar, sem óhjákvæmilegur er, ef lífskjör hennar eiga að batna á komandi árum.